

Skólaráðsfundur

25. nóvember 2015.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra og Rósa fulltrúar kennara, Jóhann og Þóra fulltrúar foreldra, Kári fulltrúi starfsmanna, Breki og Tinna fulltrúara nemenda.

Örn lagði fyrir fundinn drög að bréfi með svörum sem ráðinu barst v/ skólamarka og þéttingu byggðar og óskað var svara við fyrir 1.jan 2016. Samþykkt var að senda bréfið.

Stuttar umræður spunnust um aðstöðu frístundar í skólanum og hvaða áhrif mikil fjölgun nemenda hefur á það.

Örn kynnti niðurstöður skólapúls frá síðasta skólaári og niðurstöður lestrarskimunar í 2.bekk, læsi vor 2015. Hann kynnti einnig niðurstöður úr samræmdum prófum í haust samanborið við landsmeðaltal, þar er skólinn talsvert yfir meðallagi.

Örn sagði frá stöðu vinnu í endurskoðun skólanámsskrár í skólanum og kynnti aðeins það sem er tilbúið til birtingar á heimasíðu skólans. Stuttar umræður um viðmiðunarstundarskrá og hvernig námsskráin er nýtt til skipulags.

Sagt frá þróunarverkefnum sem skólinn tekur þátt í, Opinskátt um ofbeldi í samstarfi við Gullborg og Undraland, læsi í leiðinni í samstarfi við Granda – Gull – og Ægisborg. Erasmus verkefni er að fara í gang, samvinna 5 landa, tengist náttúrufræði og fuglaskoðun, unnið með nemendum sem eru í 5.bekk. Ólíkt öðrum verkefnum sem við höfum tekið þátt í, m.a. vinnustofur erlendis sem nemendur (í litlum hópum) og kennarar taka þátt í.

Önnur mál : Jóhann spurði um hvap væri fyrirhugað vegna 30 ára afmælis skólans og aðkomu foreldrafélagsins að því.

Spurt um skólakór og hvort fyrirhugað væri að hefja kórstarf aftur við skólann. Spurt um aðkomu skólans að nýju deiliskipulagi við Keilugranda, skólinn hefur ekki fengið boð á kynningarfund í kvöld. Miklar áhyggjur af auknum umferðarþunga á Keilugranda.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir